

Ómönnuð loftför/drónar Unmanned aircraft/drones

ICELANDIC



ENGLISH

Efnisleg ábyrgð: Samgöngustofa
Content Responsibility: Icelandic Transport Authority

1. Viðbótarreglur um starfrækslu ómannaðra loftfara/dróna / Additional rules for the operation of unmanned aircraft/drones

1.1 Inngangur / Introduction

Til viðbótar við þær reglur sem gilda um flug ómannaðra og fjarstýrðra loftfara og birtar eru í Flugmálahandbók (AIP) Íslands, ENR 1.1.0, og í Upplýsingabréfi flugmála (AIC) nr. A 001/2014, þá hefur Samgöngustofa birt ákvörðun nr. 1/2017 um flug fjarstýrðra loftfara/dróna að því er varðar hámarkshæðir og flug í nágrenni flugvalla.

Til viðbótar áður settum reglum um að leyfi þurfi frá Samgöngustofu til að starfrækja ómannað loftfar yfir 5 kg að þyngd þá þarf nú einnig leyfi frá Samgöngustofu sé ætluin að fljúga loftfarinu hærra en 130 m (430 fet). Enn fremur þarf leyfi rekstraraðila flugvallar til að fljúga fjarstýrðu loftfari innan við 2 km frá svæðamörkum áætlunarflugvalla, að því undanskildu ef fjarstýrðu loftfari/dróna er flogið undir hæð hæstu mannvirkja í næsta nágrenni við flugferil drónans.

In addition to the rules that are in force concerning the operation of unmanned and remotely piloted aircraft and are published in AIP Iceland ENR 1.1.0, and in AIC No. A 001/2014, the Icelandic Transport Authority (ICETRA) has now published a decision No. 1/2017 for remotely piloted aircraft/drones as regards maximum height of flying and flying in proximity to aerodromes.

In addition to the current rule that permission is required from ICETRA to operate an unmanned aircraft/drone that weighs more than 5 kg, permission is now also required from ICETRA to fly the drone at a height of more than 130 metres (430 feet). Furthermore, a permission is required from an aerodrome operator to fly the aircraft/drone within 2 km from the boundary of aerodromes with scheduled air services, except where the drones are flown below the height of the highest structures in the immediate vicinity of the flight trajectory of the drone.

1.2 Ákvörðun Samgöngustofu / The decision of the Aviation Act

Ákvörðun Samgöngustofu sem sett er með vísan til 1. mgr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum er birt á heimsíðu Samgöngustofu og hljómar svo í heild sinni:

The decision, which is issued with reference to the provisions of paragraph 1 of Article 140 of the Aviation Act No. 60/1998, as amended, is published on the Icelandic Transport Authority's Web site (www.icetra.is) and is as follows:

Ákvörðun Samgöngustofu nr. 1/2017 um flug fjarstýrðra loftfara/dróna að því er varðar hámarkshæðir og flug í nágrenni flugvalla

- Ekki er heimilt að fljúga fjarstýrðu loftfari/dróna í meiri hæð en 130 metrum yfir láði og legi, nema fyrir liggi leyfi Samgöngustofu. Ef búnaður er til staðar í loftfarinu til að takmarka flughæð, skal forrita búnaðinn þannig að loftfarið fari ekki hærra en 130 metra. Hæðartakmörkunin gildir þó ekki fyrir lögreglu og aðra viðbragðsaðila né fyrir aðila sem stunda rannsóknarflug í vísindaskyni.
- Leyfi rekstraraðila flugvallar þarf til þess að fljúga fjarstýrðu loftfari/dróna innan við 2 km. frá svæðamörkum áætlunarflugvalla*, að því undanskildu ef drónanum er flogið undir hæð hæstu mannvirkja í næsta nágrenni við flugferil drónans. Í grennd við aðra flugvelli skal sýna ýtrustu varkárni og gæta fyllsta öryggis. Fjarstýrð loftför skulu ávallt víkja fyrir annarri flugumferð.
- Samþykki rekstraraðila viðkomandi flugvallar þarf fyrir öllu flugi fjarstýrðra loftfara/dróna innan flugvallasvæða.
- Ákvörðun þessi gildir um flug allra fjarstýrðra loftfara/dróna, óháð þyngd.

Að öðru leyti er vísað í gildandi upplýsingabréf um flugmál (AIC) um starfrækslu ómannaðra loftfara.

Ákvörðun þessi sem sett er með vísan til 1. mgr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum verður birt á heimsíðu Samgöngustofu.

Icelandic Transport Authority Decision No. 1/2017 for remotely piloted aircraft/drones as regards maximum height and flying in proximity of aerodromes.

- It is not permitted to fly remotely piloted aircraft/drones at a height of more than 130 meters above sea and land, except with the permission of the Icelandic Transport Authority. If the aircraft is equipped with a device for limiting the maximum height, the aircraft shall be programmed for not exceeding 130 metres. The maximum height limitation does not apply to the Police and other crisis units or to parties engaged in scientific research flights.
- A permission from the aerodrome operator is needed for flying remotely piloted aircraft/drone within 2 km from the boundary of aerodromes with scheduled air transport, except where the drones are flown below the height of the highest structures in the immediate vicinity of the flight trajectory of the drone. Extreme caution and care shall be exercised in the proximity of other aerodromes. Remotely piloted aircraft/drones must always give way to other air traffic.
- The approval of an aerodrome operator is needed for all flying of remotely piloted aircraft/drones within an aerodrome site.
- This decision applies to all remotely piloted aircraft/drones regardless of weight.

Otherwise, reference is made to the applicable Aeronautical Information Circular (AIC) for the operation of unmanned aircraft.

This Decision, which is issued with reference to the provisions of paragraph 1 of Article 140 of the Aviation Act No. 60/1998, as amended, will be published on the Icelandic Transport Authority's Web site (www.icetra.is).

1.3 Listi yfir áætlunarflugvelli / List of airports with scheduled air transport:

Akureyri (BIAR) Akureyri (BIAR)	Bíldudalur (BIBD) Bíldudalur (BIBD)	Egilsstaðir (BIEG) Egilsstaðir (BIEG)	Gjögur (BIGJ) Gjögur (BIGJ)
Grímsey (BIGR) Grimsey (BIGR)	Húsvík (BIHU) Husvík (BIHU)	Höfn í Hornafirði (BIHN) Hofn í Hornafirði (BIHN)	Ísafjörður (BIIS) Ísafjörður (BIIS)
Keflavík (BIKF) Keflavík (BIKF)	Reykjavík (BIRK) Reykjavík (BIRK)	Þingeyri (BITE) Thingeyri (BITE)	Þórshöfn (BITN) Þórshöfn (BITN)
Vestmannaeyjar (BIVM) Vestmannaeyjar (BIVM)	Vopnafjörður (BIVO) Vopnafjörður (BIVO)		

Upplýsingabréf fellt út gildi / AIC hereby cancelled:

Ekkert / NIL

Efni eftirfarandi NOTAM skeyta birt í þessu upplýsingabréfi: / NOTAM incorporated in this AIC:

Ekkert / NIL

ENDIR / END